

Við sama heygarðshornið

Skáldsaga

Tveir húsvagnar

Marina Lewycka. 340 bls. Guðmundur Andri Thorsson þýddi. Mál og menning 2007.

Marina Lewycka, enskumælandi rithöfundur af úkraínskum ættum, kom á bókmenntahátíð fyrir nokkrum vikum og lék als á oddi. Hún er við sama heygarðshornið, í fyrra kom út Stutt ágríp af sögu traktorsins, kostuleg saga um ólöglega úkraínska innflytjendur á Englandi, og svipað þema og húmor eru á ferð í Tveimur húsvögnum. Hópur fólks frá Austur-Evrópu kemur til Englands í von um betra líf. Þegar sagan hefst er fólkið komið í vinnu úti í sveit, hrist í hrörlegum húsvögnum og þrælar á jarðarberjaakri myrkanna á milli fyrir lúsarlaun. Í hópnum eru litríkar persónur, t.d. Yola, hörkukvenmaður sem er að leita að góðum eiginmanni, draumóramaðurinn Vitaly sem ætlar að meika það og fer á kostum í ráðningarþjónustunni, og svo Tomasz táfúli en lýsingar á starfi hans á kjúklingabúi eru varla fyrir viðkvæmar sálir. Hrakfarir hópsins eru grátbroslegar, hver katastrófan rekur aðra en það er ástin sem sigrar að lokum.

Hér er fjallað á gamansaman hátt um viðkvæmt efni og þarft en undir öllu glensinu er beitt ádeila. „En af hverju – og þetta getur hann ekki skilið – af hverju er slík ofgnótt hér og slíkur skortur heima? Því að Úkraínnumenn leggja alveg jafn hart að sér og hver annar – og harðar í rauninni því að á kvöldin eftir vinnudaginn þá rækta þeir grænmetið sitt, gera við bílana sína, höggva skógana. Þú getur stritað ævina á enda í Úkraínu og samt dáið snauður“ hugsar Andriy (228-9), námumaður frá Donbas sem veltir fyrir sér óréttlæti heimsins. Barnung stúlka, landi hans, leggst með viðbjóðslegum kalli og þegar Andriy horfir í tóm augun og reynir að forða henni frá þessum örlögum er viðkvæðið: „Kynlíf fyrir pening. Kynlíf fyrir engan pening. Hvort heldurðu að sé betra, herra Hnýsinn sem heldur hann sé svo klár?“ (193).

Sjónarhorn sögunnar er skemmtilega margbrotið, hægt er að skyggjast um í sál flestra persóna, m.a.s. hunds, og inn á milli birtast hátíðleg bréf frá hinum afríska Emanuel sem varpa öðru ljósi á atburðarásina. Í sögulok birtist svo persóna úr Stuttu ágrípi, nú orðinn gamall maður á elliheimili. Vonandi er hringnum þó ekki hér með lokað því sjálfsagt eru margar góðar sögur enn ósagðar úr fyrrum Sovét. Tveir húsvagnar er hin besta afþreying en vekur líka upp áleitnar spurningar. Hafa úkraínskir verkamenn á Englandi kannski svipaða stöðu og innflytjendur á Íslandi? Og verður þriðja bók Lewycka um jarðýtur, eða kannski tjaldvagna?

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>